

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2000

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipa af hálfu utanríkisráðuneytisins Sverrir Haukur Gunnlaugsson aðalmaður og Tómas H. Heiðar varamaður, af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins Þorsteinn Geirsson aðalmaður og Kolbeinn Árnason varamaður, og af hálfu Háskóla Íslands Gunnar G. Schram aðalmaður og Þorgeir Örlygsson varamaður.

Hafréttarstofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin, gekkst fyrir ráðstefnu undir heitinu Landgrunnið og auðlindir þess (The Continental Shelf and Its Resources) í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík dagana 13. og 14. október. Tilgangur ráðstefnunnar var að kynna stöðu landgrunns- og olíuleitarmála á Íslandi og við Norður-Atlantshaf.

Gunnar G. Schram setti ráðstefnuna en Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra fluttu ávörp Eftirfarandi fluttu erindi: Guðmundur Eiríksson, dómari við Alþjóðlega hafréttardóminn, Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, Harald Brekke, Noregi, nefndarmaður í landgrunnsnefnd S.þ., Steinar Þór Guðlaugsson, jarðeðlisfræðingur á Orkustofnun, Anthony G. Doré, Statoil, Bretlandi, Gunnar Berge, forstjóri Olíustofnunar Noregs, Hans Kristian Schønvanndt, forstjóri Auðlindastofnunar Grænlands, Herálvur Joensen, forstjóri Olíumálastýris Færeyja, Karl Gunnarsson, jarðeðlisfræðingur á Orkustofnun, og Eyvindur G. Gunnarsson, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu.